



Skýrsla Jafnréttisstofu um  
nefndir, ráð og stjórnir  
á vegum ráðuneytanna  
árið 2021

---

Júlí 2022



Útgefandi:

Jafnréttisstofa

Júlí 2022

[jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)

[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

©2022 Jafnréttisstofa

ISSN 2772-171X

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>Hlutfall í nefndum árið 2021</b> .....	<b>2</b>
Tafla 1: Hlutfall kvenna og karla í nefndum 2021 .....	2
<b>Hlutfall í nefndum skipuðum árið 2021</b> .....	<b>3</b>
Tafla 2: Hlutfall kvenna og karla í nefndum skipuðum á starfsárinu 2021.....	3
<b>Nefndir skipaðar skv. 28. gr. laga nr. 150/2020 árið 2021</b> .....	<b>4</b>
Tafla 3: Nefndir skipaðar samkvæmt 28. gr. árið 2021 .....	4
Tafla 4: Nýting undanþáguheimildar árið 2021.....	5
Tafla 5: Starfandi nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. 2020 og 28. gr. 2021 .....	6
<b>Starfandi nefndir frá 2008-2021</b> .....	<b>7</b>
Tafla 6: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. / 28. gr. laga.....	7
Tafla 7: Skipanir árin 2008-2021 samkvæmt 15. gr. / 28. gr. laga.....	8
<b>Samanburður 2012-2021</b> .....	<b>9</b>
Tafla 8: Hlutfall í nefndum 2012, 2016, 2021.....	9
Tafla 9: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárunum 2012, 2016, 2021.....	10
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>11</b>

## Inngangur

---

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 tóku gildi í janúar 2021. Þar segir í 28. gr.:

*Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.*

- Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.
- Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.
- Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.
- Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%.<sup>1</sup>

Með jafnréttislögum árið 2008 var kynjakvóti leiddur í lög á Íslandi. Þó að ákvæði um þátttöku beggja kynja í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga hafi ekki verið í lögum fyrr þá var svipað ákvæði í framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum í einni eða annarri mynd frá árinu 1993.

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga og fær upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu. Þegar Jafnréttisstofa hefur fengið gögnin afhent eru þau greind, meðaltal reiknað út og breytingar á milli ára skoðaðar. Eftir lagabreytinguna 2008 hefur hver nefnd fyrir sig verið skoðuð og í framhaldinu þurfa ráðuneytin að gera grein fyrir ástæðum þess ef nefndir eru ekki skipaðar í samræmi við jafnréttislög. Jafnréttisstofa leggur svo mat á hvort undanþáguheimildin í 2. mgr., sbr. 3. mgr. 28. gr. eigi við auk þess sem athugað er hvort ráðuneytin fari eftir þeirri vinnureglu um tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir sem gert er ráð fyrir í 28. gr.

Í þessari skýrslu er farið yfir skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2021.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 voru samþykkt undir lok árs 2020 og tóku gildi í ársbyrjun 2021 og því er í þessari skýrslu rætt um um 28. gr. þegar ritað er um tölur frá 2021. Sú grein er lítillega breytt frá 15. gr. laga nr. 10/2008, m.t.t. laga um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.

<sup>2</sup> Ný ríkisstjórn tók við 28. nóvember. Þá fjölgaði ráðuneytum auk þess sem heitum þeirra var breytt og málaflokkar fluttust milli ráðuneyta. Flestar breytingarnar tóku þó ekki gildi fyrr en snemma árs 2022 og höfðu því lítill áhrif á því ári sem hér er til umföllum (2021).

## Hlutfall í nefndum árið 2021

Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndarsæta í öllum ráðuneytum eftir kyni kemur í ljós að á árinu 2021 var hlutur kvenna 51% og hlutur karla 49%, eins og árið áður. Þegar litið er til fjölda einstaklinga eru þetta 1915 konur og 1861 karl, eða 54 fleiri konur en karlar. Meðaltalið er þó ólíkt milli ráðuneyta og mikilvægt að skoða hvert ráðuneyti fyrir sig.

**Tafla 1: Hlutfall kvenna og karla í nefndum 2021**

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneytið	176	161	337	52%	48%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	84	102	186	45%	55%
Dómsmálaráðuneytið	130	131	261	50%	50%
Félagsmálaráðuneytið	251	211	462	54%	46%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	107	116	223	48%	52%
Heilbrigðisráðuneytið	188	147	335	56%	44%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	572	546	1118	51%	49%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	107	136	243	44%	56%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	257	266	523	49%	51%
Utánríkisráðuneytið	43	45	88	49%	51%
<b>Samtals</b>	<b>1915</b>	<b>1861</b>	<b>3776</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>

Dómsmálaráðuneyti er með jafna kynjaskiptingu, tvö ráðuneyti hafa 49/51 skiptingu. Árið 2021 voru fjögur ráðuneyti af tíu með hlutfall kvenna hærra en hlutfall karla. Lægsta hlutfall kvenna var hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 44% en lægsta hlutfall karla var í heilbrigðisráðuneytinu, líka 44%.

## Hlutfall í nefndum skipuðum árið 2021

Það er ekki nóg að líta til heildarfjölda nefndarfólks heldur verður einnig að skoða hvernig skipað var í nýjar nefndir, ráð og stjórnir á árinu 2021. Ýmsar nefndir sitja lengi og það er tilvalið að nýta endurkjör til að leiðrétta kynjahalla sé hann til staðar og uppfylla þar með lagaskyldur. Það er því nauðsynlegt að skoða sérstaklega nýskipanir á hverju starfsári.

Þegar litið er til skipana í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna sem tóku til starfa á starfsárinu 2021 verður myndin aðeins öðruvísi en þegar meðaltalið yfir allar starfandi nefndir ársins er skoðað. Sveiflurnar í skipunum innan hvers ráðuneytis eru talsverðar.

**Tafla 2: Hlutfall kvenna og karla í nefndum skipuðum á starfsárinu 2021**

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneytið	61	52	113	54%	46%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	38	47	85	45%	55%
Dómsmálaráðuneytið	0	5	5	0%	100%
Félagsmálaráðuneytið	65	55	120	54%	46%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	27	27	54	50%	50%
Heilbrigðisráðuneytið	56	41	97	58%	42%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	89	71	160	56%	44%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	70	68	138	51%	49%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	76	67	143	53%	47%
Utanríkisráðuneytið	11	13	24	46%	54%
<b>Samtals</b>	<b>493</b>	<b>446</b>	<b>939</b>	<b>53%</b>	<b>47%</b>

Jafnt kynjahlutfall var hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti og því sem næst hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Mestur kynjahalli er á skipun í nefnd hjá dómsmálaráðuneytinu, 100% karlar, hér er þó aðeins ein nefnd skipuð en hlutfallið var jafnt hjá ráðuneytinu árið áður. Heildar hlutfall allra ráðuneyta var einu prósentu jafnara ári áður, 52/48%.

## Nefndir skipaðar skv. 28. gr. laga nr. 150/2020 árið 2021

Árið 2021 var skipað í 153 nefndir, ráð og stjórnir, sumar nýjar, aðrar endurnýjaðar. Þegar kynjahlutfall allra nefnda var skoðað kom í ljós að 122 þeirra voru skipaðar í samræmi við 28. gr. laga eða 80% nefnda, ráða og stjórna á vegum ráðuneytanna. Eitt ráðuneyti náði að fylgja jöfnu kynjahlutfalli með allar nefndir; utanríkisráðuneyti en umhverfis- og auðlindaráðuneytið með 95% hlutfall. Hér er allur skalinn, frá 0-100%.

**Tafla 3: Nefndir skipaðar samkvæmt 28. gr. árið 2021**

Ráðuneyti	í samræmi	ekki í samræmi	samtals	hlutfall í samræmi
Forsætisráðuneytið	13	4	17	76%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	13	3	16	81%
Dómsmálaráðuneytið	0	1	1	0%
Félagsmálaráðuneytið	14	4	18	78%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	7	4	11	64%
Heilbrigðisráðuneytið	9	7	16	56%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	29	5	34	85%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	15	2	17	88%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	19	1	20	95%
Utanríkisráðuneytið	3	0	3	100%
<b>Samtals</b>	<b>122</b>	<b>31</b>	<b>153</b>	<b>80%</b>

Undanþáguheimild er að finna í lögjöfinni og verða nefndir sem ekki eru skipaðar í samræmi við meginregluna í 1. mgr. 28. gr. að vera í samræmi við undanþáguákvæðið. Í 2. mgr. 28. gr. laga um jafnrétti kynjanna segir:

- „Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægur ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.“
- Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.“

Árið 2021 voru 31 nefnd, ráð og stjórn ekki skipuð í samræmi við umrædda 1. mgr. 28. gr. laga nr. 150/2020. Á hverju ári óskar Jafnréttisstofa eftir því að ráðuneytin geri grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki nefndaskipana sem ekki eru í samræmi við 28. gr. Óskað er eftir því að ráðuneytin upplýsi um þær skýringar sem tilnefningaraðilar hafa gefið, ef ekki voru tilnefnd bæði karl og kona,

auk þess hvort ráðuneytin hafi farið eftir því verklagi sem þau hafa sett sér, í samráði við Jafnréttisstofu og í samræmi við 28. gr. um skipanir í nefndir.

Jafnréttisstofa leggur svo mat á það hvort undanþáguheimildin hafi verið nýtt með lögætum hætti.

**Tafla 4: Nýting undanþáguheimildar árið 2021**

Ráðuneyti	Nefnd ekki í samræmi við 28. gr	Hlutlægar ástæður sem fallist er á	Hlutlægar ástæður sem ekki er fallist á
Forsætisráðuneytið	4	4	0
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	3	1	2
Dómsmálaráðuneytið	1	0	1
Félagsmálaráðuneytið	4	4	0
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	4	4	0
Heilbrigðisráðuneytið	7	7	0
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	5	5	0
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	2	0	2
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	1	1	0
Utanríkisráðuneytið	0		
<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>26</b>	<b>5</b>

Niðurstaða úttektar Jafnréttisstofu er sú að flestar nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna sem voru skipaðar árið 2021 voru skipaðar í samræmi við 28. gr jafnréttislaga eða 121 nefnd, sem er 80% allra skipaðra nefnda eins og áður hefur komið fram. Eftir að skipan í 31 nefnd sem ekki var skipað í, í samræmi við 28. gr. er skoðuð, kemur í ljós að flestar af þeim uppfylla bæði vinnuregluna sem lög gera ráð fyrir og hlutlægar ástæður frá tilnefningaraðilum liggja fyrir. Jafnréttisstofa fellst á skýringar ráðuneytanna í 26 tilfellum. Jafnréttisstofa getur ekki talið undanþáguheimildina eiga við hvað varðar skipun í 5 nefndir því í þeim tilfellum voru ekki lögð fram gögn þar um. Heilbrigðisráðuneyti var enn að skipa í nefndir vegna verkefna sem vinna þurfti vegna heimsfaraldurs af völdum Covid-19. Í þær var almennt skipað fólk vegna sérþekkingar og stöðu, starfstíminn skammur og verkefni vel afmörkuð. Var því fallist á undanþágur þar í öllum tilfellum. Nokkuð er um að félagasamtök eigi erfitt með að tilnefna bæði karla og konur. Einnig eru dæmi um starfsnefndir þar sem sérfræðingar ráðuneyta eru af sama kyni. Kynskiptur vinnumarkaður hefur hér áhrif. Þó nefndir uppfylli ekki allar kynjahlutfall milli karla og kvenna eru nefndir þar sem eru eingöngu karlar eða eingöngu konur, mjög fáar.

Mikilvægt er að tryggja að allt starfsfólk sem óskar eftir tilnefningum sé meðvitað um verklag Stjórnarráðsins þar um svo skipað verði í nefndir með þeim hætti sem lög geri ráð fyrir. Einnig er mikilvægt að málin séu skráð með þeim hætti að auðvelt sé að nálgast upplýsingar um hvort verklagi hafi verið fylgt til að hægt sé að leggja mat á það hvort nefndir falli undir undanþáguheimild eða ekki. Skortur er á því í nokkrum tilvikum og þá er ekki fallist á undanþágu.



Hér sést að nefndaskipan ársins 2021 hefur áhrif á heildarstöðu nefndaskipana hjá ráðuneytunum. Á hverju ári starfar fjöldi nefnda á vegum ráðuneytanna í lengri eða skemmri tíma. Í töflu 5 hafa verið tekin saman gögn um allar þær nefndir sem störfuðu á árunum 2020 og 2021, óháð því hvenær þær voru skipaðar. Umtalsverðar sveiflur eru milli þessara ára, ýmist til hins betra eða verra og sést það á töflunni hér að neðan.

Hástökkvari ársins er utanríkisráðuneyti sem hefur allar nefndir rétt skipaðar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti auk umhverfis- og auðlindaráðuneytis hafa yfir 80% nefnda með jöfnu kynjahlutfalli. Félagsmálaráðuneyti hefur rétt hlutinn mikið en hjá fjórum ráðuneytum hefur hlutfallið lækkað, þar á meðal hjá forsætisráðuneyti.

**Tafla 5: Starfandi nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. 2020 og 28. gr. 2021<sup>3</sup>**

Ráðuneyti	2020			2021		
	Fjöldi nefnda	ekki í samræmi	hlutfall í samræmi	Fjöldi nefnda	ekki í samræmi	hlutfall í samræmi
Forsætisráðuneytið	40	13	75%	29	16	64%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	63	13	83%	26	5	84%
Dómsmálaráðuneytið	36	13	73%	12	8	60%
Félagsmálaráðuneytið	26	19	58%	51	14	78%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	47	9	84%	28	11	72%
Heilbrigðisráðuneytið	43	19	69%	45	17	73%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	139	57	71%	123	73	64%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	31	10	76%	36	10	78%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	55	16	77%	63	12	84%
Utanríkisráðuneytið	4	1	80%	13	0	100%
<b>Samtals</b>	<b>484</b>	<b>170</b>	<b>74%</b>	<b>432</b>	<b>166</b>	<b>72%</b>

<sup>3</sup> Árið 2020 giltu lög nr. 10/2008 en árið 2021 giltu lög nr. 150/2020

## Starfandi nefndir frá 2008-2021

Eftir að lög nr. 10/2008 voru sett hóf Jafnréttisstofa að óska eftir sundurliðuðum gögnum frá ráðuneytunum svo hægt væri að rýna í skipan hverrar nefndar fyrir sig. Árið sem löggin gengu í gildi voru 43% nefnda sem störfuðu á vegum stjórnvalda skipaðar í samræmi við 15. gr. þeirra laga, flestar þeirra skipaðar fyrir gildistöku laganna. Á þeim 13 árunum sem liðin eru frá því að löggjöfin tók gildi hafa nefndirnar í auknum mæli verið skipaðar í samræmi við lög hverju sinni.

Hlutfall nefnda sem eru skipaðar í samræmi við löginn fór upp í 70% árið 2017 og árið 2020 í 74% en hefur lækkað aðeins og er nú 72%. Er það í fyrsta sinn sem hlutfallið lækkar milli ára.

**Tafla 6: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. / 28. gr. laga<sup>4</sup>**

	í samræmi	ekki	samtals	hlutfall í samræmi
2008	177	233	410	43%
2009	371	384	755	49%
2010	374	373	747	50%
2011	385	279	664	58%
2012	389	273	667	58%
2013	438	234	677	65%
2014	450	229	676	67%
2015	460	223	685	67%
2016	454	217	671	68%
2017	413	180	593	70%
2018	445	188	633	70%
2019	515	226	741	70%
2020	484	170	654	74%
2021	432	166	598	72%

Ef litið er til skipana á hverju starfsári kemur önnur mynd í ljós.

<sup>4</sup> Árið 2020 giltu lög nr. 10/2008 en árið 2021 giltu lög nr. 150/2020

Í töflu 7 má sjá að 71% nefnda voru rétt skipaðar á vegum ráðuneytanna á fyrsta ári kynjakvótans 2008 og líklegt að meðvitund um nýja löggjöf hafi skilað þessum árangri. Hlutfallið hefur sveiflast milli ára en er ekki sú jafna þróun sem við sjáum í töflu 6 þar sem allar starfandi nefndir eru teknar saman. Árið 2015 var bakslag, hlutfallið fór úr 76% árið 2014 niður í 67%. Það var því ánægjulegt að sjá hlutfallið fara aftur upp í 75% árið 2016 og ná svo upp í 82% árið 2017 sem er besti árangur hingað til. Árið 2021 var það 80%, sem er næst besti árangur til þessa.

**Tafla 7: Skipanir árin 2008-2021 samkvæmt 15. gr. / 28. gr. laga<sup>5</sup>**

Ár	í samræmi	ekki í samræmi	samtals	hlutfall í samræmi
2008	64	26	90	71%
2009	152	80	232	66%
2010	109	55	164	66%
2011	123	46	169	73%
2012	100	48	148	68%
2013	171	59	230	74%
2014	146	45	191	76%
2015	128	82	210	67%
2016	144	47	191	75%
2017	139	31	170	82%
2018	142	37	179	79%
2019	186	67	253	74%
2020	136	43	179	76%
2021	122	31	153	80%

Á þessum tölum má sjá að enn er þörf á vitund um mikilvægi þess að skipa bæði konur og karla í nefndir ráðuneytanna því sveiflur milli ára geta verið talsverðar. Verklag ráðuneytanna er skýrt og er víða fast í sessi. Mikilvægt er að allt starfsfólk og annað fólk sem tilnefnir og skipar í nefndir séu vel upplýst um löggjöfina og verklag Stjórnarráðsins. Það er líka mikilvægt að öll frávík séu skráð í málaskrá svo Jafnréttisstofa geti metið hvort um málefnalegar ástæður er að ræða, þegar ekki er skipað skv. lögnum.

<sup>5</sup> Árið 2020 giltu lög nr. 10/2008 en árið 2021 giltu lög nr. 150/2020

## Samanburður 2012-2021

Hér er litið á þróun kynjahlutfalla í nefndum á tímabilinu 2012-2021. Árið 2012 urðu breytingar á skipan ráðuneyta; nöfnum ráðuneyta var breytt, málaflokkar færðir til auk þess sem þeim fækkaði úr 10 í 8. Af þessum ástæðum hefst samanburðurinn árið 2012. Tvisvar hafa orðið breytingar síðan og ráðuneytum skipt upp og þau urðu aftur tíu.

Á heildina litið eru kynjahlutföllin í nefndarstarfi ráðuneytanna í góðu jafnvægi. Í töflu 8 sést að ráðuneytin standa sig þó misvel. Eftir sameiningu ráðuneytanna 2012 voru tvö ráðuneyti sem ekki náðu 40% viðmiðinu en hlutur kvenna var þá 39%. Árið 2013 náðu öll ráðuneytin 40% viðmiðinu í meðaltali sínu og hafa haldið því síðan.

**Tafla 8: Hlutfall í nefndum 2012, 2016, 2021**

Ráðuneyti	2012		2016		2021	
	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk
Forsætisráðuneytið	46%	54%	47%	53%	52%	48%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	39%	61%	44%	56%	45%	55%
Dómsmálaráðuneytið	-	-	-	-	50%	50%
Félagsmálaráðuneytið	-	-	-	-	54%	46%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	42%	58%	45%	55%	48%	52%
Heilbrigðisráðuneytið	-	-	-	-	56%	44%
Innanríkisráðuneytið	39%	61%	43%	57%	-	-
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	43%	57%	42%	58%	51%	49%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	-	-	-	-	44%	56%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	43%	57%	45%	55%	49%	51%
Utanríkisráðuneytið	42%	58%	50%	50%	49%	51%
Velferðarráðuneytið	52%	48%	54%	46%	-	-
<b>Samtals</b>	<b>44%</b>	<b>56%</b>	<b>46%</b>	<b>54%</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>

Á tímabilinu urðu talsverðar breytingar á heildarhlutföllum og eru þau nú sem næst jöfn. Sömu heildartölur og árið á undan þó einhverjar sveiflur séu milli ráðuneyta. Hlutfall kvenna hefur hækkað um 7% í heild, úr 44% í 51% á þessu 10 ára tímabili og er nú 51% þriðja árið í röð.

Þegar nýskipanir á starfsárunum 2012, 2016 og 2021 eru skoðaðar koma í ljós meiri sveiflur. Í töflu 9 sést að árið 2012 var eingöngu eitt ráðuneyti sem ekki náði 40% viðmiðunarmarkinu. Árið 2016 náðu öll ráðuneytin 40% lágmarkinu og vel það. Árið 2017 gerðist það í fyrsta skipti að ráðuneyti missti hlut karla niður fyrir 40% viðmiðunarmarkmiðið. Það er jafn mikilvægt að halda hlut karla yfir viðmiðunarmarkmiðinu eins og hlut kvenna því markmiðið með kynjakvótanum er að ná jafnvægi í þátttöku kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum til að raddir og reynsla karla og kvenna nýtist í stefnumótun og ákvarðanatöku. Tímabundnar sveiflur getur þó þurft til að rétta af kynjahalla í heild innan hvers ráðuneytis.

**Tafla 9: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárunum 2012, 2016, 2021**

Ráðuneyti	2012		2016		2021	
	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk
Forsætisráðuneytið	53%	47%	50%	50%	54%	46%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	39%	61%	47%	53%	45%	55%
Dómsmálaráðuneytið	-	-	-	-	0%	100%
Félagsmálaráðuneytið	-	-	-	-	54%	46%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	43%	57%	48%	52%	50%	50%
Heilbrigðisráðuneytið	-	-	-	-	58%	42%
Innanríkisráðuneytið	42%	58%	51%	49%	-	-
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	51%	49%	45%	55%	56%	44%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	-	-	-	-	51%	49%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	45%	55%	45%	55%	53%	47%
Utanríkisráðuneytið	50%	50%	43%	57%	46%	54%
Velferðarráðuneytið	52%	48%	57%	43%	-	-
<b>Samtals</b>	<b>46%</b>	<b>54%</b>	<b>49%</b>	<b>51%</b>	<b>53%</b>	<b>47%</b>

Sveiflur hafa verið nokkrar á þessu tíu ára tímabili. Fátítt er að sjá nefndir þar sem fólk er allt af sama kyni, líkt og hjá dómsmálaráðuneyti nú, en rétt að benda á að hér er aðeins ein nefndarskipun. Heildarskipting dómsmálaráðuneytis er þó alveg jöfn, sbr. töflu 8.

## Niðurstöður

---

Ráðuneytin hafa skýrt verklag þar sem óskað er eftir því við tilnefningaraðila að tilnefna bæði karl og konu svo hægt sé að skipa nefndir, stjórnir og ráð í samræmi við lög. Ráðuneytistjórar hafa komið sér saman um samræmt orðalag í slíkum bréfum og er það birt í Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins. Sum ráðuneyti ganga lengra og endursenda þau tilnefningarbréf þar sem ekki eru tilnefnd bæði karl og kona og tilnefningaraðili beðinn um að tilnefna aftur eða gera grein fyrir ástæðum þess að ekki sé tilnefnt eins og óskað var eftir. Með þeim hætti er hægt að meta hvort hlutlægar ástæður liggja að baki tilnefningunni. Ef svo er, er hægt að nýta undanþáguheimildina. Þetta verklag er það sem Jafnréttisstofa mælir með og óskar eftir að ráðuneyti styðjist við.

Ný lög um jafnrétti kynjanna nr. 150/2020 tóku gildi í upphafi árs 2021<sup>6</sup>. Lagagrein nr. 28 þar er sambærileg og gr. nr. 15 í lögum 10/2008 og hefur haldist óbreytt svo telja má að vilji löggjafans sé skýr, að halda áfram á sömu braut:

**28. gr. Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.** Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

*Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.*

*Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.*

Hér er þó viðbót enda er nú hlutlaus skráning kyns í þjóðskrá möguleg:

*Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%.*

Jafnréttisstofa minnir ráðuneytin á kynna vel fyrir öllum hlutaðeigandi það verklag sem samþykkt hefur verið og unnið eftir undanfarin ár. Það á ekki síst við nú þar sem ný ráðuneyti tóku til starfa á árinu 2022, nýir ráðherrar og nýtt starfsfólk. Einnig þarf að uppfæra verklagið með tilliti til þessarar viðbótar í lögnum, að fólk með hlutlausu skráningu kyns, sem velst í nefndir, rýri ekki hlut kvenna. Markmið með kynjakvóta er að ná jafnvægi í þátttöku kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum til að raddir og reynsla karla, kvenna og fólks með hlutlausu skráningu kyns, nýtist í stefnumótun og ákvarðanatöku.

---

<sup>6</sup> <https://www.althingi.is/lagas/151a/2020150.html>

 Jafnréttisstofa  
— í 20 ár —